

**2. Fundur trúnaðarráðs – 5. september 2023**

Haldinn í fjarfundi.

*Eftirtaldir sátu fundin: Bára Kristín Pétursdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Erika Martins Carneiro, Guðný Margrét Emilsdóttir, Halldór Kolbeins, Hallfríður Þórarinsdóttir, Jens Ruminy, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Leifur Björnsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Sigurður Albert Ármannsson, Sigrún Pálsdóttir og Valva Árnadóttir*

Formaður setti fund kl. 20:15.

**Dagskrá og afgreiðslur:****1. Samstarf við önnur stéttarfélag vegna kjarasamninga 2024.**

Á stjórnarfundum þ. 24. maí sl. var ákveðið að stofna starfshóp sem hefði það verkefni með höndum að kanna hvort flötur væri á samstarfi við önnur stéttarfélag vegna komandi kjarasamninga 2024.

Starfshópin skipa þau Dóra Magnúsdóttir, Halldór Kolbeins og Sigurður Albert Ármannsson. Greindu þau fundarmönnum frá viðræðum sínum við forsvarsmenn hinna ýmsu stéttarféлага. Meta þau stöðuna þannig að bandalagsleið við VR væri skilvirkust okkar félagi, Leiðsögn til hagsbóta.

Eftir fyrirspurnir fundarmanna óskaði Guðný Margrét eftir því að bókað yrði sérstaklega svar við spurningu hennar um það hvar samningsumboðið lægi, ef Leiðsögn færi í samstarfi við VR yrði vegna komandi kjarasamninga. Tjáði Halldór Kolbeins henni að umboðið væri ávallt í höndum Leiðsagnar - Félags leiðsögumanna.

Fram kom í máli þremmenninganna úr starfshópnum, að myndi Leiðsögn bandalag með VR fyrir næstu kjarasamninga þá fari í gang samstarf og samráð til undirbúnings kjarasamningum 2024.

Eftirfarandi tillaga var þá borin upp:

Tillaga borin upp um hvort trúnaðarráð Leiðsagnar samþykki að óska eftir því við forystu VR að mynda bandalag með VR til undirbúnings og framkvæmdar næstu kjarasamninga.

*Afgreiðsla:* Samþykkt einróma.

Fundarmenn þökkðu Dóru, Halldóri og Sigurði Alberti fyrir góð störf í þágu félagsins.

Fundi slitið kl. 20:55

Fundarritun: DM